

25. október 2019

N1 ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

## **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu á Kaupvangi 4, 700 Egilsstöðum**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar með þjónustuhúsi á Kaupvangi 4, 700 Egilsstöðum barst 23.7.2019. Umsækjandi er N1 ehf. kt. 411003-3370.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 26. september sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 24. október 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi